



GILJASKÓLI

---

Námsvísir 2009 - 2010

# Sérdeild

Starfsmenn:

Leikskólakennari: Hrefna Jóhannesdóttir

Proskapjálfi: Hulda Davíðsdóttir

Proskapjálfi: Arna Tryggvadóttir

Proskapjálfi: Agla Egilson

Proskapjálfi: Ragnheiður Júlíusdóttir

Stuðningsfulltrúi: Kristín Gunnbjörnsdóttir

Sérdeild Giljaskóla 2  
Einstaklingsnámskrá 2  
Námsgreinar 2  
Skynjun 3  
Hugsun/stærðfræði 3  
Samfélagsfræði 4  
Lífsleikni - Félagsfærni 4  
Verkleg færni/starfsnám 5  
Heimilisfræði 5  
Tónmennt 6  
Myndmennt/handmennt 6  
Tómstundir 7  
Valgreinar 7  
Hreyfifærni/íþróttir 7

## Sérdeild Giljaskóla

Sérdeild Giljaskóla starfar í samræmi við lög um grunnskóla nr. 91/2008 og sérkennslureglugerð nr. 389/1996.

Nemendum sérdeildar er kennt samkvæmt einstaklingsnámskrá. Þeir nýta sér sérgreinastofur skólans eftir þörfum. Nemendur eiga sinn tengslabekk þar sem lögð er áhersla á félagslega og námslega blöndun.

## Einstaklingsnámskrá

Námskráin er unnin og endurskoðuð ár hvert. Stuðst er að hluta til við námskrárformið Eflingu. Námskráin er unnin í samráði við foreldra.

### Forsendur

Bakgrunnsupplýsingar  
Upplýsingar frá foreldrum og öðrum sérfræðingum  
Greining og þroskamat  
Áhersluþættir/óskir foreldra/forráðamanna  
Námsmat síðasta árs/staða  
Áhugamál og aldur

### Innihald

Markmið, leiðir, kennsluaðstæður, námsmatsaðferðir

### Námsmat

Stöðluð matsgögn  
Sértækir matslistar í samræmi við ákveðna námsþætti og sett námsmarkmið  
Myndbandsupptökur, ljósmyndir  
Upplýsingar frá samstarfsaðilum s.s. foreldrum  
Símat, regluleg skráning á breytingum á færni  
Námsmat er gert í lok hvorrar annar. Farið er yfir stöðu nemenda í foreldraviðtölum og skriflegt námsmat afhent á vorönn.

Æskilegt er að greining fari fram á nemendum sérdeildar a.m.k. einu sinni á grunnskólaferlinum. Tímasetning gæti miðast við flutning milli skólastiga.

## Námsgreinar

### Boðskipti/mál

Kennsla í námsgreininni miðar að því að nemendur öðlist eins mikla færni til að tjá sig og kostur er, einnig færni til að skilja umhverfi sitt og væntingar þess.

Í grunnþáttum boðskipta er leikur þýðingarmikill og skilvirkur fyrir áframhaldandi þroska nemenda.

### Meginmarkmið



- Að efla færni nemenda til að tjá sig, skilja aðra og njóta félagslegra samskipta.
- Að auka færni nemenda til boðskipta og að þeir upplifi boðskipti sem tjáningartæki sem veitir bæði gagn og gleði.
- Að nemendur nái valdi á frumþáttum móðurmáls, þ.e. töluðu máli (táknnum) og hlustun, lestri og ritun.

### Aðalnámspættir

---

- Boðskipti án orða: Frumstæð samskipti s.s. snerting, augnsamband, gefa/taka leikir, bendingar, samspil, hermileikir sem þróast út í flóknara samskiptaform.
- Grunnfærni (hlusta, horfa, hljóðmyndun, munn- og talfæraæfingar).
- Form boðskipta: Tal og ýmsar boðskiptaleiðir til stuðnings talmáli og/eða í staðinn fyrir talmál (líkamsmál, hlutir, myndir, tákn með tali).
- Hugtaka- og orðaforði.
- Boðskipta- og málfærni og notkun (virkni, frumkvæði, skilningur, tjáning, samþætting boðskiptaleiða).
- Tengja saman tvær merkingar.
- Setningar (á við um tal, tákn, myndir).
- Framburðaræfingar (tal).
- Myndlestur/skiltalestur
- Lestur/foræfingar/skrift.

### Skynjun

---

Undirstaða alls þroska eru skynboð og úrvinnsla þeirra.

Námshæfni felur í sér að nema og aðgreina áreiti. Í skynnámi eru nemendum skapaðar aðstæður til að skynjun þeirra örvist.

### Meginmarkmið

---

- Að efla vitund og getu nemenda til að nema og vinna úr umhverfisáreitum.
- Að nemendur upplifi skynáreiti sem áhugaverð.
- Að nemendur skynji tengsl orsaka og afleiðinga.

### Aðalnámspættir

---

- líkamsskynjun
- jafnvægisskynjun
- snertiskynjun
- sjónskynjun
- heyrnarskynjun
- lyktarskynjun

### Hugsun/stærðfræði

---

Námshæfni felur í sér að efla almennan og sértækan skilning nemenda.

### Meginmarkmið

---

- Að nemendur öðlist þekkingu á umhverfi sínu og eiginleikum hluta.
- Að nemendur læri að átta sig á athafnaröð, tengingu hluta og athafna og



athafnakeðjum.

- Að nemendur fáist við og læri stærðfræðileg hugtök og læri að nota auðveldustu tákniál stærðfræðinnar.

### Aðalnámspættir

---

- eiginleikaskilningur
- orsakaskilningur
- rúmskilningur
- tímaskilningur
- magskilningur
- flokkun, þörun, röðun, stöflun
- tölur
- talnagildi

## Samfélagsfræði

---

Námsgreinin felur í sér að nemendur öðlist betri vitneskju um sjálfa sig, nánasta umhverfi og samfélagið.

### Meginmarkmið

---

- Að nemendur öðlist þekkingu á sjálfum sér, líkama og tilfinningum
- Að nemendur öðlist þekkingu á nánasta umhverfi sínu; heimili, fjölskyldu, skóla og umferð
- Að nemendur öðlist þekkingu á náttúrunni t.d. dýrum og gróðri
- Að nemendur fræðist um atburði liðinna stunda; hátíðis- og tyllidaga, fréttir og fleira

### Aðalnámspættir

---

- ég sjálf/ur og fjölskyldan
- ég sjálf/ur og nánasta umhverfi
- umferli/umferð
- umhverfi, náttúran, menning (atvinnulíf), veður

## Lífsleikni - Félagshæfni

---

Námsgreinin miðar að því að efla félagshæfni nemenda.

### Meginmarkmið

---

- Að nemendur læri almenna kurteisi og tillitssemi, að fara að reglum samfélagsins
- Að nemendur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- Að auka möguleika nemenda á því að gerast virkir samfélagsþegnar
- Að efla sjálfstraust og ábyrgð nemenda

### Aðalnámspættir

---

- sjálfsstyrking
- framkoma
- hegðun og félagstengsl



- umgengni, umgengnisreglur
- samskipti
- Sjálfshjálp

Námsgreinin felur í sér að efla og auka getu nemenda í athöfnum daglegs lífs.

### Meginmarkmið

---

- Að nemendur geti orðið virkir þátttakendur, aukið sjálfstæði sitt og aukið sjálfsbjargir í athöfnum daglegs lífs

### Aðalnámsþættir

---

- hreinlæti
- klæðnaður
- borðhald
- hirðusemi
- umferli

## Verkleg færni/starfsnám

---

Námsgreinin felur í sér að nemendur læra ákveðin skipulögð vinnubrögð og verkþætti í viðfangi við ýmis verkefni.

### Meginmarkmið

---

- Að nemendur læri skipulögð vinnubrögð
- Að auka einbeitingu og úthald við verkefnavinnu
- Að efla huglæga og verklega færni til náms og starfs

### Aðalnámsþættir

---

- reglur
- virkni
- einbeiting
- úthald
- verkfærni
- samhæfing
- fínreyfingar

## Heimilisfræði

---

Námsgreinin felur í sér að nemendur upplifi, taki þátt í og læri þau störf sem unnin eru á heimili.

### Meginmarkmið

---

- Að auka þekkingu og færni í einföldum heimilisstörfum
- Að efla sjálfstæði, samstarfsvilja og samábyrgð

### Aðalnámsþættir

---

- að upplifa og skynja



- fara að fyrirmælum
- einföld matreiðsla
- að versla
- þrif
- borðhald
- notkun áhalda

## Tónmennt

---

Námsgreinin felur í sér að njóta tónlistar og kynnast henni á víðtækan og fjölbreytilegan hátt.

### Meginmarkmið

---

- Að nemendur fræðist um og fái innsýn í heim tónlistarinnar
- Að nemendur iðki tónlist út frá sínum eigin forsendum, sem njótendur og gerendur
- Að þroska og efla tónskyn/taktskyn nemenda

### Aðalnámsþættir

---

- hljóðskynjun
- hlustun
- tjáning
- taktur
- söngur
- hreyfileikir
- horfun (tónlistarmyndbönd)
- notkun hljóðfæra

## Myndmennt/handmennt

---

Námsgreinin felur í sér að nemendur fá tækifæri til að uppgötva og þroska hæfileika sína til sköpunar.

### Meginmarkmið

---

- Að nemendur kynnist ólíkum aðferðum og notkun margvíslegra efna
- Að auka áhuga nemenda á umhverfi sínu og efla sjálfstraust þeirra
- Að vekja áhuga nemenda á fjölbreyttu tómstundastarfi

### Aðalnámsþættir

---

- skynjun
- upplifun
- mótun
- málun/teiknun
- föndur
- notkun verkfæra
- smíðar
- hannyrðir



## Tómstundir

---

Námsgreinin felur í sér að nemendum eru kynntir fjölbreyttir tómstundamöguleikar og þeim kennt að nýta færni sína til tómstundaiðkunar með eða án aðstoðar.

### Meginmarkmið

---

- Að efla sjálfstraust nemenda
- Að efla frumkvæði nemenda til að þeir geti nýtt færni sína á sem sjálfstæðastan hátt
- Að auka færni nemenda til að njóta tómstunda með öðrum

### Aðalnámsþættir

---

- leikur
- leikföng
- ýmis spil
- horfun á myndbönd
- tónlist
- tölvunotkun

## Valgreinar

---

Námsgreinar eru valdar út frá ætluðu áhugasviði hvers nemanda. Valið fer fram í samráði við foreldra.

## Hreyfifærni/íþróttir

---

Tilgangur með íþróttakennslu er að efla líkamsþroska, bæta heilsufar nemenda og jafnframt sinna öðrum þáttum alhliða þroska og stuðla að heilbrigði nemenda í fyllsta samræmi við eðli þeirra og þarfir.

### Meginmarkmið

---

- Að efla líkamsvitund
- Að viðhalda og auka eðlilega hreyfigetu líkamans
- Að auka andlegt og líkamlegt þrek, úthald og liðleika
- Að efla frumkvæði og sjálfstæði
- Að fá útrás og koma til móts við hreyfipörf
- Að fara að fyrirmælum og læra einfaldar leikreglur

### Aðalnámsþættir

---

#### *Sund*

- vatnsaðlögun - hreyfing í vatni
- líkamsvitund
- slökun/að fljóta
- styrktar-, úthalds- og liðkunaræfingar
- náttúrulegar sundaðferðir
- sundaðferðir/sundtök



- leikir

#### *Leikfimi*

- leikir/virkni
- líkamsvitund
- útrás fyrir hreyfipörf
- frumkvæði/sjálfstæði
- úthald/þrek
- jafnvægi og liðleiki
- gróf- og fínhreyfingar
- samhæfing

#### Námsmat

---

Frammistaða nemenda í tímum og virkni metin. Vinnueinkunn gildir 50% á móti prófum.